



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 26. janúar 2012

Breyting á reglugerð KSÍ um mótamál

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 25. janúar bráðabirgðaákvæði í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga vegna félagaskipta og leikheimilda í deildarbikarkeppni (Lengjubikarnum) keppnistímabilið 2012. Bráðabirgðaákvæðið er svohljóðandi:

***Ný grein 3.6. (Bráðabirgðaákvæði fyrir keppnistímabilið 2012).
Leikmaður sem er handhafi keppnisleyfis sem tekur gildi 22. febrúar 2012 hefur heimild til að taka þátt í deildarbikarkeppni KSÍ (Lengjubikarnum) með nýja félaginu frá og með þeim degi er keppnisleyfið er gefið út.***

Greinargerð:

Deildarbikarkeppni KSÍ (Lengjubikarinn) hefst nú áður en félagaskiptagluggi opnar þann 22. febrúar. Þeim félögum er leika í deildarbikarnum áður en félagaskiptaglugginn opnar er með þessu gert kleift að leika með leikmenn sem hafa fengið útgefið keppnisleyfi sem tekur gildi 22. febrúar 2012. Rétt er að benda á að ekki er hægt að hefja félagaskiptaferli hjá leikmönnum sem eru að skipta um félag á milli landa, og fara í gegnum rafrænt félagaskiptakerfi FIFA (TMS), fyrr en 22. febrúar 2012. Keppnisleyfi er þó hægt að gefa út fyrr á leikmenn sem hafa félagaskipti á milli landa og þurfa ekki að fara í gegnum rafrænt félagaskiptakerfi (TMS), s.s. áhugamenn.

Ákvæðið tekur gildi nú þegar.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.
Bestu kveðjur

Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ